

Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Patreksfjörður

Patreksfjörður 12. september 2022

Erindi til bæjarráðs: formleg sameining bókasafnanna á Patreksfirði og Bíldudal

Forstöðumaður bókasafna Vesturbyggðar óskar eftir að Héraðsbókasafn V-Barðastrandarsýslu á Patreksfirði og Bókasafnið Bíldudal verði formlega sameinuð undir nafninu Bókasafn Vesturbyggðar.

Bókasafnið verður áfram með útibú á Bíldudal og Patreksfirði en með sameiningu verður rekstur og utanumhald einfaldari. Nú þegar hefur útlánaþáttur bókasafnanna verið sameinaður sem gerir notendum kleift að fá safngögn að láni á hvoru safninu sem er, burtséð frá búsetu viðkomandi, og skila á hvoru safninu sem er. Þetta hefur reynst notendum vel.

Í vor var nýtt bókasafnskerfi tekið í gagnið á öllum bókasöfnum landsins og hefur það ekki verið þægilegt í meðförum hvað varðar vinnslu með safnkostinn á milli safna. Það væri því mikið vinnuhagræði fólgið í því að sameina söfnin formlega hjá Landskerfi bókasafna. Einnig er skynsamlegt að sleppa titlinum Héraðsbókasafn V-Barðastrandarsýslu, sem er úreltur, óþjáll og illa leitarbær.

Þar fyrir utan tilheyrur við sama sveitarfélaginu og löngu tímabært að láta af óþarfri skiptingu í tvö bókasöfn.

Virðingarfyllt

Alda Hrannardóttir

Forstöðumaður bókasafna Vesturbyggðar